


Varmárósar

Aðgerðaáætlun



Aðgerðaáætlun 2023 - 2025

Aðgerðaáætlun þessi er forgangsöröðun þeirra aðgerða sem brýnast er að fara í svo verndargildi friðlandsins við Varmárósa haldist. Einnig eru aðgerðir þessar til að viðhalda og bæta upplifun og öryggi gesta svæðisins. Aðgerðirnar styðja við leiðarljós stjórnunar- og verndaráætlunar um framtíðarsýn hins friðlýsta svæðis. Neðangreindar aðgerðir eru annars vegar reglubundnar árlegar aðgerðir og hins vegar aðgerðir til næstu þriggja ára í senn, m.a. í samræmi við verkefnaáætlun Landsáætlunar um uppbyggingu innviða (Landsáætlun). Áætlunin er uppfærð árlega, meðal annars í samræmi við úthlutun úr Landsáætlun.

Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili aðgerðanna.

Árlegar eða reglulegar aðgerðir

Landsáætlun um uppbyggingu innviða

Aðrar aðgerðir sem styðja við stefnu um friðlandið Varmárósa

Árlegar - reglulegar aðgerðir

- Ástandsmat unnið af Umhverfisstofnun.
- Umhverfisstofnun uppfærir upplýsingar um friðlandið á heimasíðu þess eftir þörfum.
- Vöktun á framgangi framandi, ágengra tegunda plantna og skal stuðla að upprætingu þeirra eftir þörfum.
- Leitað verður eftir samstarfi við landeigendur um samvinnu við að fjarlægja ágengar, framandi plöntutegundir og hefta útbreiðslu þeirra.

Aðgerðir skv. Landsáætlun um uppbyggingu innviða

- Ný upplýsinga- og fræðsluskilti unnin

Aðrar aðgerðir sem styðja við stefnu um friðlandið við Varmárósa

Vegir og bílastæði

- Umhverfisstofnun, í samstarfi við Mosfellsbæ og aðra sem málið varðar, meti hvar heppilegt er að hafa bílastæði og áningarstað sem uppfyllir kröfur um aðgengi fólks með fötlun.
- Merkingar um takmarkanir á umferð settar upp.

Lífriki

- Unnin verði áætlun um eyðingu framandi, ágengra tegunda og kostnaðargreining gerð.
- Umhverfisstofnun óski eftir samstarfi við þar til bæra aðila við að fylgjast með framandi, ágengum tegundum á svæðinu og landbroti og hvernig það hefur áhrif á fitjasefið.
- Leitað verður eftir samstarfi við landeigendur um samvinnu við að fjarlægja ágengar, framandi plöntutegundir og hefta útbreiðslu þeirra.

Fræðsla, skilti og merkingar

- Umhverfisstofnun, í samstarfi við Mosfellsbæ, vinni tillögur um hvernig hægt er að bæta fræðslu til almennings, t.d. skólahópa, með verndargildi svæðisins í huga, svo sem með upplýsingum á jaðri svæðisins og á öðrum miðlum.
- Upplýsingum um hundabann komið á framfæri á skiltum og heimasíðu.
- Umhverfisstofnun staðfæri öryggisáætlun friðlýstra svæða stofnunarinnar fyrir Varmárósa og hún verði uppfærð eftir þörfum.



UMHVERFIS
STOFNUN

